



Fjarðabyggð 26.apríl 2024

## Breytingar í fræðslumálum Fjarðabyggðar

### Inngangur

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. október 2023 að stofnaður yrði starfshópur um *Skipan fræðslumála í Fjarðabyggð*. Starfshópurinn var skipaður um afmarkað verkefni, að skoða með hvaða hætti hægt væri að breyta rekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla Fjarðabyggðar með það fyrir augum að auka rekstrarlega samlegð og bæta faglegt starf.

### Markmið

Markmið breytinganna er í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, í september 2023, um að hefja vinnu við að endurskoða fræðslumál með það fyrir augum að rýna í fyrirkomulag á rekstri leik- og grunnskóla með það fyrir augum að auka enn frekar faglegt samstarf og samlegð í rekstri. Framlagðar breytingar eru í samræmi við það verkefni sem starfshópi var falið með erindisbréfi í október 2023.

### Breytingar í fræðslumálum

Gert er ráð fyrir að allir grunnskólar vinna náið saman undir merkjum *Grunnskóla Fjarðabyggðar* með starfsstöðvar í hverjum kjarna, það sama á við um leikskóla Fjarðabyggðar munu vinna náið saman undir merkjum *Leikskóla Fjarðabyggðar* með starfsstöðvar í hverjum kjarna. Um er að ræða sameiginlega yfirstjórn ásamt eflingu skólaþjónustunnar undir sameiginlegri nafngift sem ýtir undir samlegðar áhrif og eykur samvinnu á milli stofnanna. Tónlistarskólar Fjarðabyggðar verða sameinaðir undir *Tónlistarskólar Fjarðabyggðar* með starfsstöðvar í hverjum kjarna.

Gert er ráð fyrir að ráðið verði í tvær stöður fagstjóra: Fagstjóra grunnskóla og fagstjóra leikskóla. Fagstjórnarnir verða ábyrgðaraðilar yfir faglegu starfi grunn- og leiksskóla Fjarðabyggðar, bera ábyrgð á starfi þeirra og tryggja að það sé í samræmi við lög og reglugerðir. Fagstjórnar bera ábyrgð á innra mati skólanna. Þeir aðstoða skólastjórnendur á hverri starfsstöð við mannauðsmál þ.m.t. fræðslu til starfsmanna og við ákveðin fjárhagstengd verkefni. Einnig er hlutverk fagstjóra að sameina verklag á milli starfsstöðva þar sem það á við.

Fagstjórnar grunnskóla og fagstjóri leikskóla munu heyra undir stjórnanda fræðslumála og skólaþjónustu.

Þá á að efla skólaþjónustu Fjarðabyggðar með því að fjölga þar fagaðilum og gera hana aðgengilegri í skólum Fjarðabyggðar. Gert er ráð fyrir að ráðið verði í stöður þroskaþjálfara, iðjuþjálfara og náms- og starfsráðgjafa sem munu koma til með að styðja við nemendur og kennara innan og þvert á skólana.

**Leikskóli Fjarðabyggðar:** Í Leikskóla Fjarðabyggðar verður gert ráð fyrir að leikskólastjóri stýri hverri starfsstöð. Ekki er gert ráð fyrir að hafa aðstoðarleikskólastjóra, sú kennsluskylda

Fjarðabyggð	Sími 470 9000	Mjóifjörður	Eskifjörður	Fáskrúðsfjörður	Breiðdalur
Hafnargötu 2	www.fjardabyggd.is	Norðfjörður	Reyðarfjörður	Stöðvarfjörður	
730 Fjarðabyggð	kt.470698-2099				



sem tilheyrir stöðugildinu verður áfram innan starfsstöðvanna. Sérkennslustjóri hvernar starfsstöðvar mun sinna hlutverki tengiliðar. Í leikskólum á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði verður deildastjóri settur yfir leikskólann og þar með tekinn út úr samrekstri leik- og grunnskólans.

**Grunnskóli Fjarðabyggðar:** Í Grunnskóla Fjarðabyggðar verður gert ráð fyrir að grunnskólastjóri stýri hverri starfsstöð en staðan verður án kennsluskyldu. Ekki er gert ráð fyrir að hafa aðstoðarskólastjóra né deildastjóra sérkennslu á starfsstöðvunum, sú kennsluskylda sem tilheyrir þeim stöðugildunum verður áfram innan starfsstöðvanna. Áfram verða sérkennarar starfandi innan skólanna. Ný verkefnastjórastaða verður búin til á hverri starfsstöð sem einnig mun sinna hlutverki tengiliðar, samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

**Tónlistarskóli Fjarðabyggðar:** Í tónlistarskóla Fjarðabyggðar verður gert ráð fyrir einum tónlistarskólastjóra yfir sameinuðum tónlistarskóla ásamt aðstoðartónlistarskólastjóra í 75% stjórnunarstöðu sem einnig hefur 25% kennsluskyldu.

## Breytingar á störfum í skólastofnunum Fjarðabyggðar

### Leikskólastjóri

Leikskólastjóri er forstöðumaður leikskóla í hverjum kjarna, ber ábyrgð á starfi skólans og að það sé í samræmi við lög og reglugerðir. Starfslýsingu leikskólastjóra verður aðlöguð og samræmd á mótí starfslýsingu stjórnanda fræðslumála og skólaþjónustu sem og hlutverki fagstjóra leikskóla. Eru það atriði sem snúa að innra mati skólanna, mannauðsmálum og fjármálum. Deildastjóri verður settur yfir leikskóla Breiðdals- og Stöðvarfjarðar og með því er verið að taka leikskólann út úr samrekstri leik- og grunnskóla á svæðinu.

### Skólastjóri grunnskóla

Skólastjóri er forstöðumaður skóla í hverjum kjarna, ber ábyrgð á starfi skólans og að það sé í samræmi við lög og reglugerðir. Starfslýsing grunnskólastjóra verður aðlöguð og samræmd á mótí starfslýsingu stjórnana fræðslumála og skólaþjónustu sem og hlutverki fagstjóra grunnskóla. Eru það atriði sem snúa að m.a. innra mati skólanna, mannauðsmálum og fjármálum. Þá mun frístund færast yfir til íþrótt- og tómstundamála á næstu misserum. Einnig verður kennsluskylda tekin af öllum grunnskólastjórum. Grunnskólahluti Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla verður tekinn út úr samrekstri leik- og grunnskóla á svæðinu.

### Tónlistarskólastjóri

Yfir sameinuðum Tónlistarskóla Fjarðabyggðar mun starfa skólastjóri án kennsluskyldu. Hans hlutverk verður að halda utan um faglegt starf starfstöðva, stýra mannauðsmálum skólans og vinna náið með skólastjórnendum leik- og grunnskóla Fjarðabyggðar að aukinni nýtingu tónlistar og tónfræði í skólunum.



## Ný störf hjá skólum Fjarðabyggðar

### Fagstjóri leikskóla

Fagstjóri heyrir undir stjórnanda fræðslumála. Fagstjóri er, ásamt leikskólastjóra hvernar starfstöðvar, ábyrgðaraðili yfir faglegu starfi Leikskóla Fjarðabyggðar, ber ábyrgð á starfi leikskólans og að það sé í samræmi við lög og reglugerðir. Fagstjóri ber ábyrgð á innra mati allra leikskólanna. Hann aðstoðar leikskólastjóra á hverri starfsstöð við mannauðsmál þ.á.m. fræðslu til starfsmanna og ákveðin fjárhagstengd verkefni. Einnig er hlutverk fagstjóra að sameina verklag á milli starfstöðva þar sem slíkt á við.

Fagstjóri leikskóla mun hafa vinnuaðstöðu á Fjölskyldusviði en gert er ráð fyrir því að starf fagstjóra fari að mestu fram innan leikskólanna.

### Fagstjóri grunnskóla

Fagstjóri heyrir undir stjórnanda fræðslumála. Fagstjóri er, ásamt skólastjóra hvernar starfstöðvar, ábyrgðaraðili yfir faglegu starfi Grunnskóla Fjarðabyggðar, ber ábyrgð á starfi grunnskólans og að hann sé í samræmi við lög og reglugerðir. Fagstjóri ber ábyrgð á innra mati grunnskólanna. Hann aðstoðar grunnskólastjóra á hverri starfsstöð við mannauðsmál þ.á.m. fræðslu til starfsmanna og ákveðin fjárhagstengd verkefni. Einnig er hlutverk fagstjóra að sameina verklag á milli starfstöðva þar sem slíkt á við.

Fagstjóri grunnskóla mun hafa vinnuaðstöðu á Fjölskyldusviði en gert er ráð fyrir því að starf fagstjóra fari að mestu fram innan grunnskólanna.

### Verkefnastjóri – tengiliður

Verkefnastjóri kemur að ýmsum verkefnum innan grunnskólanna. Hann sinnir hlutverki tengiliðar sem starfar á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliður skal rækja hlutverk sitt í samtarfi og samráði við foreldra og barna. Tengiliður sér um að búa til frummat barna, skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu og kemur upplýsingum til skólaþjónustu/Spretts ef þörf er á tilnefningu málsstjóra. Um nýtt hlutverk er að ræða og verður starfshlutfall tengiliða í samræmi við fjölda barna á hverri starfsstöð í grunnskólunum.

### Aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla

Aðstoðarskólastjóri verður ráðinn í 75% stjórnunarhlutverk og hefur þá 25% kennsluskyldu.

### Skólaþjónusta, þrjú ný stöðugildi

Í nýju skipuriti er gert ráð fyrir þremur nýjum stöðugildum í skólaþjónustu Fjarðabyggðar, það er þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og náms- og starfsráðgjafa. Skólaþjónustan mun frá og með næsta skólaári vera enn meira inn í skólunum og því mikilvægt er að við bjóðum upp á alla þá fagþekkingu sem þörf er á í vinnu með nemendum.



## Lokaorð

Fjarðabyggð er barnvænt sveitarfélag sem leitast ávallt við að hafa velferð barna að leiðarljósi í ákvörðunum sínum og stefnumörkun. Með tilkomu stjórnenda yfir hverju skólastigi, það er fagstjóra grunnskóla, fagstjóra leikskóla og skólastjóra yfir Tónlistarskóla Fjarðabyggðar, standa vonir til að stíga megi frekara skref í átt að faglegri og samrýmdari vinnubrögðum í skólakerfi Fjarðabyggðar. Einnig mun öflugri skólaþjónusta nýtast breiðari hópi nemenda og kennara í að vinna að aukinni farsæld nemenda í þeirra skólastarfi.



## Nýtt skipurit fræðslumála í Fjarðabyggð

